


# LEIKSKÓLI URRÍÐAHOLTI



HORFT FRÁ HOLTSVEGI



AFSTÖÐUMYND 1:1000

## SAMFÉLAG – UPPLÝSING – GLEÐI

Þetta eru leiðarljós þessarar tillögu.

**SAMFÉLAG** Tillagan undirstrikar að skóli er fyrst og fremst samfélag. Rétt eins og í litlum bæ, þarf að búa samfélaginu umgjörð sem er lifandi og hvetjandi. Í þessu skyni er meginás í gegnum húsið, eins konar aðalgata, sem vikkar út á krossgötum þannig að til verða torg. Torgin eru í raun viðbótarleikrými, bókasafn, eða samkomustaðir eftir hentugleikum.

**UPPLÝSING** Í samfélaginu er upplýsing lykilatriði, hún er grundvöllur lýðræðis og þess að allir búi í sátt og samlyndi. Upplýsing í bókstaflegri merkingu er líka mikilvæg, byggingar þurfa að vera upplýstar. Í tillögunni er lögð áhersla á að gott dagsljós flæði um öll rými, hvort sem þau eru í miðri byggingunni eða við útvegg. Þakinu yfir aðalgötu og torgum er lyft, þannig að þau verða björt og miðla ljósi í önnur rými, og ljósstrompar eru yfir heimastofum.

**GLEÐI** Í upplýstu samfélagi á að ríkja gleði. Það er markmið tillögunnar að endurspeglja þessa gleði í leik með form og rými. Þetta markmið fellur vel að kröfum deiliskipulags um smágerða húsmassa og mikið uppbrotin form.

## MEGINFYRIRKOMULAG

**HÚS Á EINNI HÆÐ** hentar best fyrir starfsemi leikskóla, gefur mestan sveigjanleika í notkun rýma, og áreynslulaus tengsl við lóð.

**AÐALGATAN** er upp við vegg sem gengur langs gegnum húsið. Veggurinn er brotinn upp til að mynda fjölbreytt rými, og honum hallað til að rýmd í miðrymum verði meiri. Á þremur stöðum er veggurinn rofinn og þar myndast torg.

**TORGIN** eru viðbót við þau rými sem krafist er í forsoðun, sem er mögulegt vegna hagræðingar í innra skipulagi. Gert er ráð fyrir að bókasafn, miðstöð upplýsingarinnar, hafi aðstöðu á einu torganna, með færanlegum bótaskápum má einnig dreifa því víðar um húsið. Miðtorgið er tengt fjölnotalar og má opna þar á milli. Á torgunum eru formuð nokkurs konar hjörtu, sem eru setpláss eða leikpláss fyrir börn og fullorðna. Lýsing í loftinu, „norðurljósin“ er notuð til að setja svip á rýmið.

**SVEIGJANLEIKI** er mikilvægur í nútímaskóla og í vistvænni byggingu. Öllum leikrymum er hægt að skipta í þrennt með felliveggjum. Hægt er að opna milli fjölnotalar og miðrymis. Í starfsmannaálmú er hægt að sameina kaffistofu og vinnuherbergi starfsfólks, og fá þannig svoltinn sal.



# LEIKSKÓLI URRÍÐAHOLTI



HORFT FRÁ NORÐVESTRI

## EFNISVAL OG ÚTLIT

**VISTVÆN BYGGING** þarf að vera úr hagkvæmum og endingargóðum efnum. Gert er ráð fyrir að burðarvirki veggja og þaka sé að langmestu leyti úr timbri og þar með endurnýtanlegt. Kjölfesta timburvirkisins er sjónsteypuveggurinn, sem gefur meginburð gegnum mitt húsið. Kæðningar eru á sama hátt að mestu úr timbri, hitameðhöndluðu íslensku lerki. Viðurinn er í náttúrulegum lit og gefur mjúka ásýnd út að Holtsvegi, en dekkur á nokkrum flötum sem snúa að leikskólalóðinni.

**BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR** eru sjálfsagðar í þessu hverfi. Allir þakfletir eru klæddir torfi, sem jafnar vatnsbúskapinn, auk þess að gefa húsinu vinalagt yfirbragð, því þakið verður sýnilegt úr mörgum húsum í nágrenninu. Við innganga allra leikskóladeilda eru góð regnskjól, sem er mikilvægt þegar mörg börn fara um sama inngang.

**SKÆRIR LITIR** eru valdir í anda gleðinnar á litla afmarkaða fleti. Hver deild fær sinn sérstaka lit, en saman mynda þeir alla liti regnbogans, og undirstrika þannig að allir séu velkomnir í skólann og að hlúð sé af þörfum hvers og eins.

## ÚTISVÆÐI

**AÐGENGI FYRIR ALLA** er mikilvægt, hvaða ferðamáta sem menn kjósa sér. Bílastæði eru skv. kröfum deiliskipulags, en einnig er boðið upp á reiðhjólustæði og þess gætt að auðvelt sé að koma gangandi að húsinu. Allir stígar eru með hámarkshalla 1:20 og því vel færir hjólástólanotendum.

**LEIKSKÓLALÓÐIN** er með léttum halla til vesturs. Lóðinni er deilt upp með S-laga hjólástíg, sem er mjög afliðandi en tengir þó mismunandi hæðarsvæði saman. Milli beygjanna afmarkast mismunandi svæði, sem ýmist eru fremur flöt, eða nýta landhallann, t.d. sem rennibraut í landinu. Næst húsinu eru pallar með borðum, stéttar og sandkassar, en þegar neðar dregur verða leiksvæðin smátt og smátt náttúrulegri. Þar má t.d. finna staurasvæði fyrir smíðar og svæði með holtagrjóti.



# LEIKSKÓLI URRÍÐAHOLTÍ



MIÐRÝMI / BÓKASAFN




# LEIKSKÓLI URRÍÐAHOLTÍ



ÚTLIT - VESTUR



ÚTLIT - NORÐUR



ÚTLIT - SUÐUR



SNEIÐING A-A



ÚTLIT - AUSTUR